

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 28. september 2015
Tilv.: MMR15010373/6.7-
Tilv. yðar: 1403035SA GB/KB/DBE

Efni: Tillaga að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík

Mér hefur borist bréf frá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, undirritað af borgarstjóra og framkvæmdastjóra Sambandsins, dags. 27. ágúst 2015, þar sem vísað er til funda minna með borgarstjóra og formanni Sambandsins um tillögu þeirra að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík. Í bréfinu er vísað til tvennra viðræðna um málefni tónlistarskóla.

Annars vegar er í bréfinu vísað til viðræðna milli ríkis og sveitarfélaga um gerð viðauka fyrir árið 2015 við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun aðgangs nemenda að tónlistarnámi óháð búsetu frá 13. maí 2011 og samþykkt laga um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms (gildistími bráðabirgðaákvæða o.fl.), nr. 72/2015.

Hins vegar er í bréfinu vísað til viðræðna sem Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa átt við Samtök tónlistarskóla í Reykjavík, STÍR, um tillögu að samkomulagi í 12 liðum sem ætlað er að binda enda á málshöfðun skólanna á hendur borginni vegna meintra vanefnda á greiðslu fulls rekstrarframlags til skólanna vegna mið- og framhaldsnáms í söng og framhaldsnáms í hljóðfæraleik. Í umræddri tillögu er m.a. gert ráð fyrir því að óskað verði eftir 60 m.kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til lausnar á fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík, til viðbótar 30 m.kr. fjárveitingu sem samþykkt var með lögum nr. 72/2015. Í bréfi Reykjavíkurborgar og Sambandsins er áréttuð ósk um aflað verði 60 m.kr. fjárheimildar í fjárukaulögum 2015 til að leysa bráðan fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík.

Í bréfinu kemur fram greining Reykjavíkurborgar og Sambandsins á forsendum samkomulagsins um eflingu tónlistarnáms. Þar kemur fram að með tímabundinni hækkun framlags ríkisins úr 250 m.kr. í 290 m.kr. í júní 2012 hafi falist ákveðin viðurkenning ríkisins á fjármögnun kennslukostnaðar skv. samkomulaginu frá maí 2011 og forsendum þess. Við þetta vil ég gera athugasemd, því hið rétta er að 40 m.kr. hækkun á framlagi ríkisins sem var samþykkt í ríkisstjórn 26. júní 2012 á þeim forsendum að sveitarfélögin kæmu með sömu fjárhæð á móti. Sú forsenda gekk hins vegar ekki eftir, þar sem sveitarfélög höfnuðu því að auka sinn kostnað af samkomulaginu. Til viðbótar skal bent á að í viðræðum milli ríkis og sveitarfélaga á árinu 2013 lagði ríkið til hækkun framlags til tónlistarnáms í fjárlögum úr 520 m.kr. í 557 m.kr. með hækkun á 230 m.kr. hlutdeild sveitarfélaga í 267 m.kr., sem er hlutfallslega sambærileg við fyrrgreinda hækkun framlags ríkisins úr 250 m.kr. í 290 m.kr. Þessi breyting náði þó ekki fram að ganga vegna andstöðu sveitarfélaga.

Ég vil ítreka það sem fram hefur komið í umræðum á Alþingi af minni hálfu og hjá fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, sem undirritaði samkomulag um eflingu tónlistarnáms 13. maí 2011, að stuðningur ríkisins við rekstur tónlistarskóla á vegum sveitarfélaga, hefur í engu hróflað við þeirri verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði tónlistarfræðslu sem

ákveðin var með lögum um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. 87/1989. Í 67. gr. þeirra laga er skýrt kveðið á um að sveitarfélög sem reka tónlistarskóla skuli greiða launakostnað kennara og skólastjóra. Í samkomulagi um eflingu tónlistarnáms fólst viðleitni af hálfu ríkisins til að greiða úr vandamáli sem sveitarfélögin höfðu sjálf reynst ófær um leysa sín á milli, þ.e. flæði tónlistarnemenda milli sveitarfélaga. Með samkomulaginu var annars vegar leitast við að fyrirbyggja að svonefndir áttahagafjötrar kæmu ekki í veg fyrir að innritun nemenda í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags þeirra. Jafnframt fólst í samkomulaginu ákveðin viðurkenning á hlutdeild ríkisins í kennslukostnaði í því tónlistarnámi sem stundað er samhliða námi í framhaldsskóla og nýtist til eininga á stúdentsprófi. Með vísan til þessa er vísað á bug því álit Reykjavíkurborgar og Sambandsins að sveitarfélög eigi réttmæta kröfu á hendur ríkinu um lausn þess vanda sem lýst er í bréfinu.

Eins og Reykjavíkurborg og Sambandinu er kunnugt um hef ég skipað starfshóp til þess að móta tillögur um í hvaða mæli og með hvaða hætti ríkið eigi að koma að fjárhagslegum stuðningi við tónlistarkennslu. Starfshópnum er ætlað að útfæra tillögur sínar í uppfærðum drögum að frumvarpi til laga um tónlistarskóla, sem ég stefni að því að leggja fram á haustþingi 2015. Í frumvarpinu mun felast tillaga um breytingu á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði tónlistarfræðslu þar sem greiðsluþátttaka ríkisins verður bundin við tónlistarnám sem viðurkennt verður á grundvelli laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Ég lýsi hér með vilja mínum til að taka upp viðræður við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á þeim forsendum. Samhliða slíkum breytingum lýsi ég mig reiðubúinn til að beita mér fyrir sameiginlegum ráðstöfunum ríkis og Reykjavíkurborgar sem eru til þess fallnar að styrkja rekstur tónlistarskólanna í Reykjavík svo þeir verði rekstrarhæfir í nýju kerfi.

Illugi Gunnarsson

Samrit: Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30
105 Reykjavík